

LÖG

um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda.

2. gr.

Stjórnsvæði.

Orkustofnun fer með framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

3. gr.

Skilyrði fyrir lækkingu dreifingarkostnaðar.

Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarkna skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrár undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.

4. gr.

Framkvæmd.

Dreifiveita sem starfar á dreifbýlisgjaldskrársvæði þar sem lækka á kostnað við dreifingu skal fá til umsýslu framlag í samræmi við innsendar upplýsingar um rekstur og þau viðmiðunarmörk sem ákvörðuð eru, sbr. 3. gr. Dreifiveita skal ákvarða gjaldskrár óháð framlaginu og lækka gjaldið síðan út frá reiknuðu framlagi fyrir alla notendur á gjaldskrársvæðinu. Notendur skulu fá upplýsingar um hve mikið framlagið lækkar gjaldið í kr./kWst að meðaltali.

Framlag það sem dreifiveita fær til lækkunar dreifingarkostnaðar notenda er ekki eign viðkomandi dreifiveitu. Dreifiveita hefur umsýslu með fénu og ber að nota framlagið til þess að lækka dreifingarkostnað notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði í hlutfalli við raforkunotkun hvers notanda.

Verði afgangur af niðurgreiðslufénu skal hann notaður til niðurgreiðslna næsta árs. Komi hins vegar til þess að fé vanti til niðurgreiðslna vegna þess að rafmagnsnotkun eða kostnaður við dreifingu var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir skal gert ráð fyrir því við ákvörðun niðurgreiðslna næsta árs.

5. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Dreifiveitum ber að veita Orkustofnun sundurgreindar upplýsingar um kostnað við dreifingu á gjaldskrársvæði þegar stofnunin fer fram á slíkt.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við eftirlit samkvæmt lögum þessum og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður við eftirlit Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til að lækka kostnað við dreifingu raforku til notenda.

6. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Fari dreifiveitur ekki að ákvæðum laga þessara getur Orkustofnun krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. janúar 2005.

Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.